

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (IV).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, nr. 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og nr. 9/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn skulu öðlast gildi hér á landi að því leyti sem þær lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka samningsins og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 575/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/99 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Reglugerðirnar gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, nr. 8/2000 og nr. 9/2000.

Reglugerðirnar fjalla að hluta til um barnabætur, réttindi úr lífeyrissjóðum og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1606/98, nr. 307/1999 og nr. 1399/99 og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, nr. 8/2000 og nr. 9/2000, sbr. 1. gr., sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 20, 12. apríl 2001, bls. 95–129, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, nr. 847/2001.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 29. gr. laga, nr. 12/1997, um atvinnuleysis-
tryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldra-
orlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.